

234. fundur háskólaráðs Háskólans á Akureyri þann 21. október 2005.

Þorsteinn Gunnarsson setti fund kl. 12:00.

Mættir voru auk hans:

Anna Þóra Baldursdóttir fulltrúi kennara
Baldur Guðnason fulltrúi menntamálaráðherra
Ingibjörg Elíasdóttir fulltrúi kennara
Kristján Sturluson fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Laufey S. Sigurðardóttir ritari rektors
Úlfar Hauksson forstöðumaður fjármála sat fund til kl. 15:00

Gestir: Hjördís Sigursteinsdóttir sérfræðingur RHA

Laufey Petrea Magnúsdóttir forstöðumaður kennslusviðs
Solveig Hrafnisdóttir námsráðgjafi
Þórlleifur S. Björnsson forstöðumaður rannsókn- og alþjóðasviðs

Rektor setti fund og kynnti dagskrá.

1. Fundargerð 233. fundar

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

2. Rekstraryfirlit janúar – september 2005

Úlfar gerði grein fyrir rekstraryfirliti janúar–september. Rekstrarkostnaður er um 737,5 m.kr. þar af 444,4 m.kr. vegna kennsludeilda og 293,1 vegna stöðeilda. Rekstrarkostnaður er 2% yfir áætlun þegar á heildina er litið, kennsludeildir eru 6% yfir og stöðeildir 4% undir áætlun. Óvenjumikil útgjöld voru í kennaradeild í september sem skýrist af kostnaði vegna vettvangsnáms sem myndast tvisvar á ári, í janúar og september. Kennslukostnaður er meiri í félagsvísinda- og lagadeild en áætlað var. Dregið hefur úr mánaðarlegum rekstrarkostnaði í auðlindaeild og upplýsingatæknideild sem rekja má til sparnaðaraðgerða sem gripið var til fyrr á árinu. Ljóst er að kjarasamningar munu ekki verða bættir að fullu.

3. Frumvarp til fjárlaga

Rektor gerði grein fyrir tölum úr frumvarpi til fjárlaga. Gert er ráð fyrir að rekstrarkostnaður nemi 1068,4 m.kr., sértekjur nemi 113,3 m.kr., skrásetningargjöld verði 57,2 m.kr. og ríkisframlag nemi 897,9 m.kr. Í kennslulíkani er reiknað með 1185 ársnemendum. Háskólaráð fól rektor og forstöðumanni fjármála að vinna fyrstu drög að rekstraráætlun og leggja fram á fundi háskólaráðs í desember.

4. Stofnanaúttekt á HA

Stofnanaúttekt á HA var gerð á vormisseri og er það liður í áætlun menntamálaráðuneytis um úttektir á háskólastigi. IMG ráðgjöf sá um framkvæmd úttektarinnar og skilaði ráðuneytinu skýrslu í ágúst sl. Skýrslan hefur ekki borist háskólanum með formlegum hætti og hefur rektor gert athugasemdir við ráðuneytið þar um.

5. Ráðning deildarforseta viðskiptadeildar

Staða deildarforseta viðskiptadeildar var auglýst laus til umsóknar í júní sl. Þrjár umsóknir bárust um stöðuna og uppfylltu tvær þeirra skilyrði. Önnur þeirra umsókna sem taldist gild hefur verið dregin til baka og eftir stendur umsókn dr. Eyjólfss Guðmundssonar. Fyrir fundinum lá samþykki deildarfundar viðskiptadeildar um að mæla með Eyjólf í stöðuna. Háskólaráð samþykkti tillögu rektors að ráða Eyjólf til að gegna stöðunni.

6. Breytingar á reglum um rannsóknaleyfi

Þórlleifur Björnsson gerði grein fyrir tillögum um breytingar á reglum um rannsóknaleyfi. Breytingarnar eru gerðar í kjölfar þess að óvenjumörgum umsóknum um rannsóknaleyfi þurfti að hafna, vegna fjárskorts, við síðustu úthlutun. Skipuð var nefnd til að koma með tillögum að nýjum reglum sem væru skýrari og aðgengilegri að vinna eftir, sérstaklega hvað varðar forgangsröð. Fulltrúar kennara voru með

athugasemdir við tillögurnar sem þeir munu koma til nefndarinnar með formlegum hætti. Frekari umfjöllun var frestað til næsta fundar.

7. Gildi og gagnsemi náms í HA –

viðhorfskönnun meðal brautskráðra nemenda

Hjördís Sigursteinsdóttir fjallaði um viðhorfskönnun sem RHA gerði meðal brautskráðra nemenda 1989–2003 um gildi og gagnsemi náms í HA. Niðurstaða könnunarinnar hefur verið gerð aðgengileg á www.rha.is. Háskólaráð fól rektor að koma henni á framfæri við fjölmiðla í samráði við markaðs- og kynningarfulltrúa háskólans.

8. Stefnumótun um jafnt aðgengi að námi og störfum við HA

Á fundi sínum þann 20. desember 2004 skipaði háskólaráð vinnuhóp til að gera tillögur um stefnumótun HA í málefnum fatlaðra. Solveig Hrafnadóttir kom inn á fundinn og kynnti tillögur vinnuhópsins. Háskólaráð vísaði tillögunum til formlegrar umsagnar jafnréttisráðs háskólans.

9. Breytingar á prófareglum

Laufey Petrea Magnúsdóttir gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu að breytingum á prófareglum.

Lagt er til að 5. gr. d) í prófareglum háskólans hljóði þannig:

Standist nemandi ekki próf er honum heimilt að endurtaka það einu sinni í reglulegri próftíð (desember, maí og ágúst) án kostnaðar. Þurfi nemandi að taka próf í þriðja sinn þá greiðir hann 6.000,- kr. Nemendur greiða 6.000,- kr. í próftökugjald fyrir öll sjúkra- og endurtökupróf sem haldin eru í janúar og júní. Eftir þriðju tilraun ber nemanda að greiða hálf skrasetningargjald, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 40/1999, fyrir hverja próftilraun. Greiðsla fer fram við skráningu í próf.

Tillagan var samþykkt með fjórum atkvæðum. Einn sat hjá.

10. Breytingar á reglum fyrir HA

Laufey Petrea Magnúsdóttir gerði grein fyrir tillögu að breytingum á reglum háskólans nr. 888/1999. Breytingarnar koma m.a. til vegna laga nr. 135/2004 sem sett voru á Alþingi sl. vetur. Háskólaráð samþykkti að 2. mgr. 17. gr. reglna háskólans hljóði þannig:

Regluleg skrásetning nýnema fer að jafnaði fram í maímánuði ár hvert. Skráning annarra fer fram á tímabilinu 1. apríl til 30. apríl ár hvert. Skráningu nemenda sem æskja flutnings frá erlendum háskólum skal lokið fyrir 1. maí. Beiðni um skrásetningu nýnema skal fylgja ljósrit eða staðfest afrit af stúdentsprófsskírteini og önnur þau skilríki sem nánar kann að verða kveðið á um af hálfu viðkomandi deildar. Skrásetningargjald nær til heils skólaárs. Þeir nemendur sem fá heimild til þess að hefja nám á vormisseri greiða helming skrásetningargjaldsins. Ár hvert skal háskólaráð ákveða skrásetningargjald í samræmi við lög nr. 40/1999.

Tillagan var samþykkt.

11. Önnur mál

11.1 Fulltrúar kennara komu með fyrirspurn varðandi þóknun fyrir fundasetur. Rektor sagði að reglur þar að lútandi væru í höndum þóknunarnefndar en sagðist kanna hvernig þessu væri háttað í öðrum háskólum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 16:20.